

Flýtihnappavísir

Viltu geta unnið hraðar?

Við höfum tekið saman lista yfir algengustu flýtihnappana í Mac OS X stýrikerfinu. Þessi listi er bara brot af þeim flýtihöppum sem eru til...

1. „Hægrismellur“. Þú getur hægrismellt í Mac OS X. Ef farið er með músina yfir skjal, hnapp eða eitthvað annað og „hægrismellt“ kemur upp gluggi með aðgerðum sem hægt er að framkvæma með viðkomandi hlut. Prófaðu til dæmis að hægrismella á harða diskinn og velja „Get info“. Það eru meira að segja fleiri en ein leið til að hægrismella:

Haltu inni CTRL-takkanum á lykklaborðinu um leið og þú smellir með músartakkanum.

Ef þú átt Mighty Mouse, farðu þá inn í **System Preferences > Keyboard & Mouse > Mouse** og stilltu hægri takkann á músinni á „Secondary click“.

Ef þú ert með fartölvu, sem er með Mac OS X Tiger, útgáfu 10.4.8, farðu þá inn í **System Preferences > Keyboard & Mouse > Trackpad** og merktu við „Tap Trackpad using two fingers for secondary click“. Núna getur þú stutt tveimur fingrum á snertiflötinn og smellt á músartakkann til að hægrismella. (Þú getur líka strokið snertiflötinn með tveimur fingrum til að skrúna).

Tengdu tveggja takka USB mús við tölvuna og smelltu á hægri músartakkann.

2. Flýtihnappar eru notaðar með því að ýta á tvo eða fleiri hnappa samtímis. Hér eru nokkrar:

Shift ⌘ ? - Opnar hjálpina í því forriti sem er virkt.

⌘ Z - „Undo“. Afturkallar síðustu aðgerð.

⌘ Q - Lokar því forriti sem er virkt.

⌘ W - Lokar þeim glugga sem er virkur

⌘ H - Felur það forrit sem er virkt.

⌘ , (komma) - Opnar stillingarnar (**Preferences**) fyrir það forrit sem er virkt.

⌘ P - Opnar gluggann fyrir útprentun í því forriti sem er virkt.

⌘ <> (Hnappurinn vinstra megin við Z) - hleypur á milli opinna glugga í því forriti sem er virkt.

⌘ TAB (Hnappurinn vinstra megin við Q) - Gerir mögulegt að fletta á milli opinna forrita. Ýttu á **Shift** til að fara afturábak. Haltu inni ⌘ og ýttu á Q til að loka því forriti sem er valið.

⌘ A - Velur alla hluti/texta í völdum glugga.

⌘ N - Býr til nýtt skjal í því forriti sem valið er. Í Finder opna þessir flýtihnappar nýjan glugga.

⌘ M - Minnkar glugga niður í Dock, neðst á skjánum

⌘ X - Cut: Fjarlægir þann texta eða hlut sem valinn er og setur á klemmuspjaldið.

⌘ C - Copy: Afritar þann texta eða hlut sem valinn er og setur á klemmuspjaldið.

⌘ V - Paste: Límir þann texta eða hlut sem settur var á klemmuspjaldið og setur í virkann glugga.

Shift ⌘ 3 - Tekur skjámynd af öllum skjánum og vistar á skjáborðið.

Shift ⌘ 4 - Gerir þér kleift að velja svæði á skjánum og taka mynd sem er vistuð á skjáborðið. Ýttu á **Bil slánna (space hnappinn)** til að taka mynd af glugga.

F9 (Á Power Book og MacBook Pro Fn F9) - birtir alla glugga sem eru opnir. Trix: ýttu á TAB til að hlaupa á milli opinna forrita.

F10 (Fn F10) birtir alla opna glugga í virku forriti.

F11 sýnir skjáborðið.

alt Q (alt 2) @ merkið.

alt ⌘ esc - Neyða forrit sem er frosið til að hætta.

⌘ Bilslá - Opnar Spotlight-leitargluggann.

3. Séríslenskir flýtihnappar

alt ð = „ Íslensk gæsalöpp, sú fyrri.

shift alt ð = “ Íslensk gæsalöpp, sú seinni.